



MANNVIT

Hönnun á skólalóðum fyrir vistvænan ferðamáta - Hjólreiðaáætlun og hjólreiðar barna

Ólöf Kristjánsdóttir

Fagstjóri samgangna

Samgönguverkfræðingur M.Sc.

Morgunfundur Grænni byggð 18. október 2019

TRAUST
VÍÐSÝNI
ÞEKKING
GLEÐI



MANNVIT

HJÓLREIÐAÁÆTLUN 2015-2020

MÆLANLEG MARKMIÐ

AÐGERÐIR



Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020

1. Verkefnið

- Inngangur
- Ávarp borgarstjóra
- Starfshópurinn

2. Markmið

- Mælanleg markmið
- Hærri hlutdeild hjólandi og gangandi
- Fleiri aðskildir hjólastfgar
- Hjólastæði við alla grunnskóla
- Ekki ferðamáti einsleits hóps

3. Aðgerðir

- Uppbygging hjólaleiða
- Fjölgun hjólastæða
- Auknar hjólreiðar barna og unglinga
- Fjölgun þeirra sem hjóla til vinnu
- Litaðar lykilleiðir og merkingar
- Hjólreiðar og almenningsamgöngur
- Viðhald og vetrarþjónusta
- Lýsing
- Samstarf um lög og reglugerðir
- Hjólaleigur – deilikerfi
- Vinnustaðurinn Reykjavíkurborg

Mælanlegt markmið í *Hlutdeild hjólandi*


**Hlutdeild hjólandi í öllum ferðum í
Reykjavík verði a.m.k. 6% árið 2017 og
6,5% árið 2020.**

**Árið 2017 var hlutdeild hjólandi í öllum
ferðum í Reykjavík komin í 7%.**

MÆLANLEG MARKMIÐ



I - HLUTDEILD HJÓLANDI



Mælanlegt markmið III ***Hjólstæði við grunnskóla***

Árið 2020 verði hjólstæði við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir 20% af nemendum og starfsfólki.

Hafin verði markviss vinna að því að helmingur hjólstæða við grunnskóla verði yfirbyggð.

Síðan 2015 hafa verið sett upp um 1.800 hjólstæði.


Fjöldi skóla sem uppfylla markmiðið hefur farið úr 5 í 18, af 37 skólum.

Næstum helmingur skólanna uppfyllir 20% markmiðið.



MÆLANLEG MARKMIÐ



III - HLUTFALL GRUNNSKÓLA MEÐ HJÓLASTÆÐI FYRIR
A.M.K. 20% STARFSFÓLKS OG NEMENDA



Aðgerð II – Fjölgun hjólastæða



Aðgerð II – Fjölgun hjólastæða



LHM töldu fyrir Reykjavíkurborg í september 2017 reiðhjól, hlaupahjól, létt bifhjól, og hjólastæði við alla 37 grunnskóla borgarinnar.

- Meðalfjöldi sem talinn var við skólana voru 71 reiðhjól, 9 hlaupahjól og 63 hjólastæði.
- Meðaltals hlutfall hjólastæða af nemendafjölda grunnskólanna var 18,2%.
- Meðaltal hlutfalls reiðhjóla af nemendafjölda í grunnskólunum var 18,7%.
- Hæsta hlutfall reiðhjóla af nemendafjölda var 46% en það lægsta var 7%.

Í heildina voru talin fleiri hjól en hjólastæði við grunnskólana.

Í 9 grunnskólum er hlutdeild hjólreiða hærri en 20%.

Það er því mikilvægt að klára að vinna að 20% markmiðinu og halda svo áfram og setja hærra markmið í framhaldinu.

Hlutdeild hjólreiða er talsvert misjöfn milli grunnskóla og væri æskilegt að skoða hvað veldur þessum mikla mun.

Aðgerð II – Fjölgun hjólastæða



- Mestur **fjöldi reiðhjóra** var talinn við Langholtsskóla 195 stk. en fæst reiðhjól voru við Klébergsskóla 15 stk.
- **Hæsta hlutfall reiðhjóra af nemendafjölda** var í Fossvogsskóla 46%.
- **Lægsta hlutfall reiðhjóra af nemendafjölda** var um 7% í Breiðholtsskóla.
- Mestur **fjöldi hjólastæða** var við Norðlingaskóla 169 stæði en fæst við Húsaskóla 12 stæði.
- **Hæsta hlutfall hjólastæða af nemendafjölda** var við Kelduskóla - Korpu 62%.
- **Lægsta hlutfall hjólastæða af nemendafjölda** var við Fossvogsskóla um 4% en þar stóð yfir endurnýjum hjólastæða.



Aðgerð II – Fjölgun hjólastæða

Einnig eru hlaupahjól mjög mikið notuð og nokkuð er um vespur. **Hugsa þarf fyrir því hvar geyma á þessi farartæki.**

- Flest hlaupahjól voru við Dalskóla 42 stk. en fæst við Laugalækjarskóla 1 stk.
- Erfitt er að læsa hlaupahjólum og það er amast við þeim innandyra í mörgum skólum. Í mörgum skólum var yfirlýst stefna að þau væru bönnuð vegna þess að erfitt væri að geyma þau.
- Í sumum skólum tóku menn þeim fagnandi og fundu lausn á geymsluvandanum t.d. með því að útbúa grindur. Í öðrum skólum var reynt að geyma þau innandyra.
- Hlutdeild hlaupahjóla virðist talsvert háð afstöðu skólans til þeirra. Þar sem þeim var tekið jákvætt virtust þau meira notuð.



Aðgerð III – Auknar hjólreiðar barna og unglunga



Skóla- og frístundaráð skipaði starfshóp árið 2013 til að móta stefnu um hjólreiðar barna og unglunga í Reykjavík.

Í skýrslu starfshópsins segir m.a.:

- *Bílaumferð í kringum skóla er vandamál í Reykjavík og [...] börnum er skutlað nánast upp að dyrum í skammdeginu, með tilheyrandi hættu fyrir önnur börn sem koma gangandi úr öllum áttum.*
- *Það er því hagur allra að draga úr umferð í kringum skóla, hvetja til þess að börn komi sér af eigin rammleik til og frá skóla og að þróa borgina enn frekar með tilliti til þess að börn og ungmenni geti farið sem mest gangandi, hjólandi og í strætó í skóla- og frístundastarf.*
- *Þrjár kannanir voru gerðar, meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.*
 - *Yfirgnæfandi meirihluti barna og unglunga í 6.-10. bekk segjast hafa aðgang að nothæfu reiðhjóli.*
 - *Yfir 80% fer oftast gangandi eða hjólandi í skólann.*
- *Nýleg dönsk rannsókn sýndi fram á að börn sem hjóluðu eða gengu í skóla, stóðu sig betur í verkefnum sem kröfðust einbeitingar heldur en börn sem voru keyrð eða fóru með strætó. Þessi jákvæðu áhrif entust allt að fjórum tímum eftir að þau komu í skólann.*

Aðgerð III – Auknar hjólreiðar barna og unglunga



Í skýrslunni er hvatningarorðum að neðan beint að skóla- og frístundasviði, leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og foreldrum.

Hvatning til grunnskóla

- *Grunnskólar bjóði börnum og unglungum upp á fræðslu um hjólreiðar, t.d. í lífsleiknikennslu.*
- *Hjólreiðar verði markvisst samþættar við nám barna í grunnskólum, t.a.m. í tengslum við innleiðingu á heilsueflandi skóla og grunnþáttar menntunar um heilbrigði og velferð.*
- *Grunnskólar skoði hvort hægt sé að hjóla í stað þess að taka rútu, a.m.k. hluta ársins, í til dæmis skólasund eða í aðrar ferðir á vegum skólans sem eru ekki um langan veg.*
- *Leitað verði leiða til að efla hjólreiðar stelpna á öllum aldri, og unglunga í 8. – 10. bekk, sem sýnilega hjóla minna en yngri börn.*



Aðgerð III – Auknar hjólreiðar barna og unglunga



- 23 grunnskólar taka þátt í „Göngum í skólann“ verkefninu. Flestir skólanna útfæra verkefnið þannig að börn eru hvött til að ganga eða hjóla í skólann.
- Hjólakraftur hefur staðið fyrir námskeiði fyrir kennara í grunnskólum þar sem markmiðið var m.a. að kynna möguleika sem felast í því að nota hjól sem verkfæri til kennslu.
- *„Mikilvægt er að tryggja að góðar tengingar frá skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum að góðum hjólaleiðum. Gerð verður greining á þessu við grunnskólana. Gerð hefur verið rannsókn meðal grunnskólabarna í Reykjavík um ferðamáta og leið í skóla.“*
 - Stefnt er að því að gera aðra kortlagningu á ferðahegðun barna til og frá skóla.



Aðgerð IV – Fjölgun þeirra sem hjóla til vinnu



Hjólum í skólann er mikilvægt verkefni til að hafa áhrif á ferðamátaval framhaldsskólanema. Lagt er til að efla þetta verkefni.




AÐGERÐIR



XI - VINNUSTADURINN REYKJAVÍKURBORG - SAMGÖNGUSAMNINGAR

Borgarráð samþykkti 2017 að starfsfólki Reykjavíkurborgar yrði boðið að gera samgöngusamninga.



olof@mannvit.is



SKAPA OG STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRU SAMFÉLAGI

HLUTVERK MANNVITS

